

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 282/1991.

Valgarður Guðni Ólafsson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Práni Friðrikssyni

(Atli Gíslason hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Örorka. Miski. Fjárnám.

Þ, 17 ára, var við vinnu hjá V við viðgerð á fasteign. Við verk sitt notaði hann slípirokk. Tækið var án öryggishlífar yfir skurðarskífu. Skurðarskífan brotnaði og skaust brot úr henni í plasthlíf, er Þ hafði yfir andliti og í gegnum hana og í auga hans. Hlaut Þ 20 % varanlega örorku. Óumdeilt var, að V hafði sjálfur með höndum verkstjórn, þegar Þ slasaðist, og lagði honum til hið vanbúna tæki. Fébótaábyrgð var lögð á V. Þ var talinn hafa gert sér nokkra grein fyrir hættueiginleikum slípiroksins án öryggishlífar. Ekki þótti í ljós leitt, að hann hefði átt annarra tækja vöð, þótt hann hefði neitað að vinna með verkfærinu. Með hliðsjón af því, vinnusambandi aðila og ungum aldri Þ var það eigi virt honum til sakar að hafa notað tækið umrætt sinn. Það var álit hinna sérfróðu meðdómsmanna í héraði, að Þ hefði staðið rétt og eðlilega að verki. V tókst því ekki að sýna fram á eigin sök Þ og var hann dæmdur til að greiða Þ bætur vegna örorku og miska. Staðfest var fjárnám í fasteign V. .

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. júlí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní sama ár. Jafnframt skaut áfrýjandi til réttarins með áfrýjunarstefnu 29. ágúst 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. sama mánaðar fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 10. september 1990. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að framangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð eftirfarandi gögn:

Endurreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 5. október 1994 á örorkutjóni stefnda. Í þessum endurreikningi, sem gerður var að beiðni áfrýjanda og án samráðs við stefnda, er byggt á þeim forsendum, að stefndi hafi ekki orðið fyrir fjárhagstjóni fyrstu sex árin eftir slys og höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku miðist við meðaltekjur verkamanna í stað meðaltekna iðnaðarmanna. Þannig reiknað nemur höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 2.724.700 krónum.

Skattframtal áfrýjanda 1994.

Vottorð Harðar Þorleifssonar augnlæknis um skoðun á stefnda 6. október 1994. Þar segir um vinstra auga stefnda: "Skynjar handarhreyfingu niður á við. Hefur aðeins neðri hluta af sjónsviði. Vinstra auga er hvítt og tært, mikil skemmd í augnbotni neðanverðum og yfir miðsvæði, sjóntaug er rýr að 5/8 hlutum." Niðurstaða læknisins er þessi: "Þráinn er félagslega séð blindur á vinstra auga, hefur hluta af sjónsviði neðan til. Ekki eru neinar líkur á bót á þessu ástandi."

II.

Málavextir, læknisfræðileg gögn og örorkutjónsútreikningur eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Óumdeilt er og styðst við vætti áfrýjanda sjálfs, að hann hafi haft með höndum verkstjórn, þegar stefndi slasaðist, og lagt honum til hið vanbúna verkfæri. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta niðurstöðu hans um fébótaábyrgð áfrýjanda.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, gerði stefndi sér nokkra grein fyrir hættueiginleikum slípirokksins án öryggishlífar. Ekki er í ljós leitt, að hann hefði átt annarra tækja vöð, þótt hann hefði neitað að vinna með þessu verkfæri. Með hliðsjón af því, vinnusambandi aðila og ungum aldri stefnda verður það eigi virt honum til sakar að hafa notað tækið umrætt sinn. Það var álit hinna sérfróðu meðdómsmanna í héraði, að stefndi hefði staðið rétt og eðlilega að verki. Áfrýjanda hefur því ekki tekist að sýna fram á eigin sök stefnda í málinu.

III.

Stefndi sundurliðaði í upphafi fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps kr. 3.000.800
 2. Miski kr. 800.000
 3. Útlagður kostnaður kr. 13.440
- Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 381.800
- Greiðsla frá Almennum tryggingum hf. kr. 460.000

Samtals kr. 2.972.440

Um 1. Ekki eru efni til þess að meta varanlega örorku stefnda minni en gert er í því örorkumati, sem fyrir liggur. Þá hefur áfrýjandi ekki fært fram haldbær rök fyrir því, að stefndi hafi ekki orðið fyrir fjárhagstjóni vegna slyssins fyrstu sex árin eftir það. Með hliðsjón af þessu og dómvenju um skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og að teknu tilliti til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þykir örorkutjón stefnda hæfilega metið 1.800.000 krónur. Af þeirri fjárhæð ber að draga bætur frá Almennum tryggingum hf., 460.000 krónur. Nemur því bótaskyld tjón 1.340.000 krónum.

Um 2. Þegar virt eru meiðsli stefnda og afleiðingar þeirra, þykir tjón vegna miska hæfilega metið 200.000 krónur. Er þá tekið tillit til þess, að vaxtatímabil er sex ár og í vöxtum á þessum tíma er fólgin verðbótapáttur, en tjónið er hins vegar metið eftir verðlagsforsendum nú.

Um 3. Útlagður kostnaður er hafður til hliðsjónar við ákvörðun málskostnaðar, sbr. g-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt framansögðu ber áfrýjanda að gjalda stefnda 1.540.000 krónur. Rétt þykir, að sú fjárhæð beri vexti, eins og þeir eru ákveðnir í héraðsdómi.

IV.

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð í fasteigninni Kársnesbraut 82 í Kópavogi 10. september 1990 verður staðfest, en með hinum áfrýjaða dómi var staðfest löghald, sem gert var í fasteigninni 14. desember 1989.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Áfrýjandi skal greiða stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Valgarður Guðni Ólafsson, greiði stefnda, Þráni Friðrikssyni, 1.540.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1988 til 25. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Staðfest er fjárnámssgerð í fasteigninni Kársnesbraut 82 í Kópavogi 10. september 1990.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 4. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu af hálfu Þráins Friðrikssonar verkamanns, kt. Vogatungu 8, Kópavogi, á hendur Valgarði Guðna Ólafssyni verktaka, kt. Kársnesbraut 82, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.972.440,00 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987, einkum 10., 12. og 14. gr., sbr. einnig lög nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1988 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.539.856,00 kr. með sömu dráttarvöxtum og í aðalkröfu greinir.

Þá er krafist staðfestingar löghalds, sem gert var 14. desember 1989 í fógetarétti Kópavogs fyrir 2.982.440,00 kr. Í fasteign stefnda að Kársnesbraut 82, Kópavogi.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda skv. málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 38, samtals 776.230,00 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur á þóknunarliði, og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er þess krafist, að synjað verði staðfestingar löghalds.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Dómsformaður leitaði sátta, en án árangurs.

Málavextir.

Samantekt. Eftir gögnum málsins eru málavextir í stuttu máli þessir: Sumarið 1988 falaðist stefnandi, sem þá var 17 ára gamall, eftir vinnu hjá stefnda, sem rekur verktakastarfsemi. Samdist svo með aðilum, að stefnandi fékk vinnuna, en á verktakagrundvelli. Tilkynti stefnandi til ríkisskattstjóra, að hann væri með sjálfstæðan rekstur, og taldi tekjur sínar fyrir árið 1988 fram til skatts árið 1989 þannig, að hann hefði unnið hjá sjálfum sér.

Unnu stefnandi og stefndi saman um sumarið við verk, sem stefndi tók að sér, og stjórnaði hann verkunum, lagði til tæki og áhöld og greiddi stefnanda tímakaup eftir vinnuframlagi hans. Þegar á leið sumar, kom það til tals milli aðila, hvort stefnandi væri slysatryggður, og í framhaldi af því tók stefnandi slysatryggingu hjá Almennum tryggingum hf.

Hinn 8. ágúst 1988 var stefnandi að vinna við að skera í kringum steypuskemmdir í svalagólfi í Hjónagörðum við Suðurgötu í Reykjavík. Við verkið notaði hann í fyrstu slípirokk, sem gekk fyrir rafmagni og var útbúinn með öryggishlíf um skurðarskífuna, en hann leiddi straum í fingur stefnanda, þar sem rigning var og bleyta. Færði hann þetta í tal við stefnanda, og urðu lyktir málsins þær, að stefnandi tók að nota loftdrifinn slípirokk í eigu stefnda við verkið. Var það tæki án öryggishlífar yfir skurðarskífu. Fyrir andliti hafði stefnandi plasthlíf. Stefnandi var einn við vinnu á svölum 1. hæðar, þegar skurðarskífan brotnaði, og skaust brot úr henni með svo miklu afli í plasthlífina, sem stefnandi hafði fyrir andliti, að hún gekk inn í vinstra auga hans og blindaði það.

Stefnandi kallaði á stefnda, sem var við vinnu á svölum 3. hæðar, og kom hann þegar á staðinn. Blæddi úr auga stefnanda, og ók stefndi honum þá í eigin bifreið á slysavearðstofu Borgarspítalans. Eftir skoðun þar ók hann stefnanda til augnlæknis og þaðan á Landakotsspítala, þar sem hann var lagður inn, og var hann þar vistaður frá slysdegi 8. ágúst 1988 til 26. ágúst 1988.

Hvorki var tilkynnt um slysið til lögreglu né Vinnueftirlits ríkisins. Rannsókn.

Sem fyrr segir, var ekki tilkynnt um slysið til lögreglu né til Vinnueftirlits ríkisins. Hinn 22. nóvember 1988 var af hálfu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar óskað eftir því við Vinnueftirlit ríkisins, að rannsókn færi fram á slysinu, og sama dag jafnframt við Rannsóknarlögreglu ríkisins, að opinber rannsókn færi fram á tildrögum slyssins.

Í svarbréfi Vinnueftirlitsins 5. desember 1988 er það staðfest, að því hafi ekki verið tilkynnt um slysið, en rannsókn þess geti ekki farið fram, nema fyrst hafi verið tekin skýrsla af slasaða hjá lögreglu.

Í framhaldi af þessum bréfaskiptum tók Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglukona skýrslu af stefnanda 2. mars 1989 og af stefnda 28. apríl 1989.

Í skýrslu stefnanda kom fram, að hann hefði ráðið sig í vinnu hjá stefnda í kringum 17. maí 1988 við húsaviðgerðir, en til þess að hann fengi vinnuna, yrði hann að vera skráður sem verktaki, en hann hefði bara verið verkamaður. Kvaðst stefnandi á slysdegi hafa verið að vinna með rafmagnsslípirokk, en vegna útleiðslu kvartað við stefnda, sem stjórnaði verkinu. Skýrði stefnandi svo frá, að stefndi hefði þá sagt sér að nota rokk, sem tengdur var við loftpressu. Hafi engin hlíf verið á þeim rokk, en slysið orðið, þegar sagarblað hans brotnaði. Þá kvað stefnandi stefnda engin laun hafa greitt sér eftir slysið. Þá skýrði stefnandi svo frá, að stefndi hefði einu sinni heimsótt sig á spítalann og þá sagst hafa fært það, sem eftir var, á skífu rokksins, sem hann slasaði sig á, yfir á þann löglega til vonar og vara, ef Vinnueftirlitið færi eitthvað að skipta sér af þessu, því að þá myndu þeir standa miklu betur að vígi. Þá upplýsti stefnandi, að hann hefði haft miklar kvalir lengi eftir aðgerðina, sem hann gekkst undir á Landakoti, sig verki oft í höfuðið, og leggi verkinn stundum niður í kjálka.

Í skýrslu, sem stefndi gaf 28. apríl 1989, kom fram, að hann hafði aldrei tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, hann og stefnandi hefðu bara verið tveir að vinna og hann reynt að vera fljótur að bregðast við og ekið stefnanda beint á slysavearðstofuna. Aðspurður um slípirokkinn og skífuna, sem brotnaði, kvað hann slípirokkinn vera til. Stefnandi kvaðst sjálfur hafa gert tilboðið í verkið, sem unnið var við í Hjónagörðum, þegar slysið varð, og hann hafi greitt stefnanda tímakaup. Stefnandi hafi þó verið verktaki, hann hafi séð sjálfur um sína skatta og skyldur og tryggingar. Aðspurður um heimsókn sína á

sjúkrahúsið og hvað hann hefði sagt þar við stefnanda, sagði stefndi, að hann héldi, að hann hefði farið til hans þarna daginn eftir, þetta hefði þá ekki litið eins djöfullega út og í fyrstu.

Þá var fyrir stefnda lesin skýrsla sú, sem stefnandi gaf 2. mars 1988, og kvað stefndi hana rétta í meginatriðum.

Hinn 23. maí 1989 var af hálfu Vinnueftirlits ríkisins óskað eftir því við ríkissaksóknara, að stefndi yrði ákærður fyrir brot á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum tengdum þeim.

Hinn 2. júní s. á. mætti stefndi hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til að gefa skýrslu vegna slyssins. Segir í skýrslu, sem Gísli Pálsson lögreglufulltrúi ritaði þá, að stefndi hefði verið beðinn að hafa með sér til yfirheyrslunnar vél þá, sem stefnandi vann með á sínum tíma. Hefði stefndi sagst hafa gert það og afhent tæki, sem er slípirokkur, tegund MAKÍTA, model 950 1 B. Við skoðun tækisins hafi athugast, að um var að ræða rafmagnstæki, en eftir lýsingu stefnanda hefði hann unnið við loftknúíð tæki, þegar hann slasaðist. Þetta hefði stefndi sagt, að gæti verið rétt, og tekið fram af því tilefni, að tækið, sem við væri átt og er loftknúíð, ætti hann væntanlega til ennþá, en sagt enga öryggishlíf vera á því og ekki væri gert ráð fyrir henni, svo að það atriði ætti ekki við hér.

Hinn 28. júní 1989 afhenti stefndi Gísla Pálssyni tækið, sem stefnandi vann með, þegar hann varð fyrir óhappinu. Tækið er af gerðinni SEALEY, model no. sa 10.

Hinn 22. ágúst 1989 skýrði stefndi svo frá hjá lögreglu, að hann hefði keypt vélina, sem hann afhenti 28. júní, nýja og ónotaða og engin öryggishlíf fylgt henni. Þannig hefði vélin síðan verið notuð. Ekki kvaðst stefndi muna, hvar vélin var keypt.

Sama dag ritaði Gísli Pálsson upplýsingaskýrslu, þar sem fram kom, að haft hefði verið samband við yfir 20 seljendur skyldra tækja, en enginn kannaðist við vél eins og þá, sem notuð var við slysið.

Þá fór lögreglufulltrúinn með vélina á fund Sigurðar Þórarinssonar í Vinnueftirliti ríkisins, og staðfesti hann eftir skoðun, að á þessari vél ætti að vera öryggishlíf.

Afleiðingar.

Hörður Þorleifsson læknir, sem hafði stefnanda lengst af til meðferðar, gaf út læknisvottorð vegna slyss hans. Vottorðin eru dagsett 29. ágúst, 23. september og 10. október.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda og segir í örorkumati sínu, dagsettu 27. október 1988: Ekki er að vænta frekari bata á afleiðingum þessa slyss, og þó að ekki sé lengra frá liðið, þykir eðlilegt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af afleiðingum slyss þessa, og þykir sú örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í tvo mánuði 100%

Varanleg örorka 20%"

Á örorkumati Björns Önundarsonar byggir Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur í útreikningi sínum 19. september 1989 á ætluðu tekjutapi stefnanda vegna slyssins, en þar segir hann:

? . . Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 77.600

Vegna varanlegrar örorku kr. 2.923.200

Samtals kr. 3.000.800

Frá Tryggingastofnun ríkisins fékk Þráinn dagpeninga tímabilið 16/8 til 91 10 1988, 28.443 kr., og örorkubætur 9/11 1988, 366.156 kr. Höfuðstólsverðmæti þessara greiðslna reiknast mér á slysdegi kr. 381.800,00 . .

Þá hefur Jón Erlingur Þorláksson enn fremur reiknað út, hver myndi verða staðgreiðsluskattur af tekjum þeim, sem hann miðaði við hér að framan. Í útreikningi hans 4. maí 1990 segir:

“Ég miða við skattreglur, sem giltu síðari hluta árs 1989, þegar útreikningurinn var gerður. Þá var skattprósentan 37,7% og persónuafsláttur 19.419 kr. á mánuði.

Með þeim tekjutölum og vaxtaþrósentum, sem frá er greint í útreikningi mínum, fæ ég þessa niðurstöðu:

Höfuðstólsverðmæti ævitekna Þráins á slysdegi ... kr. 14.693.500 Þ.a. höfuðstólsverðmæti staðgreiðsluskatts kr. 2.299.000

Staðgreiðsluskatturinn er 15,65% af tekjum."

Sakadómur Kópavogs.

Af ákærvalds hálfu var höfðað mál á hendur stefnda með ákæru, út gefinni 22. september 1989, og honum þar gefið að sök að hafa brotið gegn ákvæðum 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 13. gr., 1. mgr. 46. gr., sbr. 99. gr., laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og 1. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 32. gr., reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987 með því að hafa 8. ágúst 1988 falið starfsmanni sínum, Þráni Friðrikssyni, fæddum 11. janúar 1971, að saga svalagólf í Hjónagörðum við Suðurgötu í Reykjavík með slípirokk, sem var án viðeigandi hlífar yfir skífundi, sem leiddi til þess, er slípkífan brotnaði, að brot úr skífundi skaust í andlitshlíf Þráins, sem brotnaði, og brot úr henni eða úr skífundi stakkt í vinstra auga hans með þeim afleiðingum, að hann missti svo til sjón á því. Enn fremur var stefnda í ákærinni gefið að sök að hafa brotið gegn 2. mgr. 81. gr., sbr. 99. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Dómur var kveðinn upp í málinu í sakadómi Kópavogs 30. maí 1990, og segir í niðurstöðum dómsins: ? . . . Með vísan til alls þessa verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæru og þykir þar rétt heimfærð til refsilagaákvæða."

Löghald.

Hinn 13. desember 1989 var af hálfu stefnanda krafist löghalds í eignum stefnda til tryggingar skuld, að fjárhæð 2.982.440,00 kr., með dráttarvöxtum skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 8. 8. 1988 til greiðsludags, alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og fram lögðum málskostnaðarreikningi í væntanlegu staðfestingarmáli auk alls kostnaðar við fjárnám og uppboð, ef til kemur. Gerðin fór fram 14. desember 1989 á ábyrgð gerðarbeiðanda með því, að lýst var yfir löghaldi í fasteign gerðarpola, stefnda í máli þessu, að Kársnesbraut 82 í Kópavogi. Gerðarbeiðandi setti að ákvörðun í fógeta tryggingu, að fjárhæð 340.000,00 kr. á víxli, samþykktum til sýningar af Guðmundi J. Guðmundssyni f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Sama dag var gefin út réttarstefna til staðfestingar löghaldinu, og var staðfestingarmálið þingfest á bæjarþingi Kópavogs 11. janúar 1990, bæjarþingsmál nr. 2/1990, og var það þann dag sameinað máli þessu á bæjarþinginu.

Aðila- og vitnaskýrslur.

Aðilar hafa báðir komið fyrir dóm og gefið skýrslur vegna málsins. Sagðist þeim í öllum meginatriðum frá á sama veg hjá lögreglu og fyrir sakadómi Kópavogs og fyrr frá greinir, og staðfestu þeir fyrir dóminum skýrslur þær, sem þeir höfðu áður gefið.

Í réttinum lá frammi loftknúinn slípirokkur, fenginn að láni hjá sakadómi Kópavogs, og könnuðust aðilar báðir við, að þar væri komið tæki það, sem stefnandi vann með, er hann varð fyrir slysinu. Kvaðst stefndi eiga þennan rokk og hafa átt hann í u. þ. b. ár, þegar slysið varð. Ekki kvaðst hann geta munað, hvar hann keypti hann, en hann hafi komið úr búðinni, eins og hann sé nú, og hafi engin öryggishlíf verið á honum.

Aðilar skýrðu báðir frá á sama veg um vinnusamband sitt. Hefði stefndi verið verkstjóri, átt öll tæki og greitt stefnanda tímakaup, en stefnandi tilkynnt sig til ríkisskattstjóra sem sjálfstæðan verktaka og talið þannig fram til skatts. Þá skýrði stefndi svo frá, að stefnanda hefði verið óheimilt að fela öðrum að vinna verk þau, sem hann fól sér.

Stefnandi skýrði þá meðal annars svo frá um slysdaginn, að þegar hann hefði kvartað um það við stefnda, að rafmagnsrokkurinn leiddi út, hefði stefndi sagt sér að nota þann, sem þar var í réttinum.

Ekki kvaðst stefndi muna til þess, að stefnandi hefði neitt spurt, hvort hann ætti að nota þennan rokk, en kannaðist við, að það gæti verið rétt, að rafmagnsrokkurinn hefði leitt eitthvað lítils háttar út.

Þá kvað stefnandi stefnda hafa gefið sér fyrirmæli um framkvæmd vinnunnar, en stefnandi kvaðst ekki hafa unnið með slípirokka áður, en hann hefði unnið áður við múrverk.

Stefndi kvað stefnanda hafa þekkt verkfærin, sem unnið var með, þar sem hann hefði unnið við þetta áður og unnið með slíkum slípirokk.

Stefnandi kvaðst ekki vita, hvers vegna skífan brotnaði, kvað enga þvingun hafa verið á skífunni, þegar það gerðist. Hann hefði sett skífuna mjúklega niður og alveg beint. Skífuna kvað hann stefnda hafa komið með. Að jafnaði hefðu staðið steinskífur eða járn á þessum skífum, en ekki hefði staðið neitt á þessari, nema það hafi verið einhver rússnesk áletrun, sem stefnandi man ekki.

Stefndi kvaðst ekki kannast við, að þessar skífur brotni bara að ástæðulausu; þær brotni, ef þær rekast í eitthvað, eru settar harkalega niður eða á skjön.

Stefnandi skýrði frá því, að hann hefði verið hræddur við að nota loftdrifna slípirokkinn og sagt við stefnda slysdaginn, að sér væri meinilla við að nota hann. Þá hefði brotnað í honum skífa, skömmu áður en slysið varð, en þá hefði hún verið í frjálsum snúningi og ekki snert neitt og brotin farið út í loftið. Skífur hafi stundum brotnað í rafmagnsrokknum, en öryggishlífin, sem á honum hefði verið, tekið við brotunum.

Ekki kvaðst stefndi muna eftir því, hvort stefnandi hefði kvartað við sig yfir loftdrifna slípirokknum.

Þá kvað stefnandi stefnda hafa sagt sér, er hann heimsótti sig á sjúkrahúsið, að hann hefði fært skífuna, sem brotnaði, yfir á rafmagnsrokkinn, og kvaðst stefnandi sjálfur hafa séð rafmagnsrokkinn með brotnu skífunni í verkfærageymslu stefnda, þegar hann kom af sjúkrahúsinu í ágúst 1988. Stefndi kvaðst ekki muna, hvað þeim stefnanda fór á milli, er hann heimsótti hann á sjúkrahúsið daginn eftir slysið. Aðspurður um, hvað orðið hefði um skífuna, skýrði stefndi svo frá, að hann hefði losað hana upp af rokknum og hent henni.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndi sé bótaskyldur sem atvinnurekandi og verkstjóri stefnanda og sem eigandi tækis, er olli slysinu, en stefndi hafi ekki sinnt skyldum sínum sem slíkur. Stefnandi kveður engu breyta, hvers konar samning aðilar málsins gerðu með sér um vinnu stefnanda, hann hafi í eðli sínu verið ráðningarsamningur launþega og atvinnurekanda. Þá bendir stefnandi á, að á slysdegi hafi hann verið 17 ára gamall og ófjárráða. Telur stefnandi, að meta verði til verulegs gáleysis

hjá stefnda að afhenda stefnanda slípirokk án öryggishlífar og með gölluðu eða lélegu sagarblaði. Kveður stefnandi það mega ljóst vera, að þessi vanbúnaður eða annar óupplýstur sé orsök slyssins. Telur stefnandi það vítavert gáleysi hjá stefnda að kalla hvorki til lögreglu né Vinnueftirlit ríkisins og sjá til þess að kalla sjúkrabifreið á slysstað til að flytja stefnanda á sjúkrahús. Beri stefndi allan halla af sönnunarskorti í málinu og byggja verði á framburði stefnanda um málsatvik.

Miskakröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að hann hafi mátt þola verulegar þjáningar af völdum slyssins auk útlitslýtis og röskunar á stöðu og högum.

Um lagarök vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar, laga nr. 46/ 1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 13., 14., 20., 21., 23., 29., 36. og 81. gr., 4. gr. rgl. nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla, 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með lögjöfnun, laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, einkum XII. kafla, og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Til stuðnings kröfu sinni um staðfestingu löghaldsins og kröfu um kostnað, sem stefnandi hafði af löghaldsaðgerðinni, vísar hann til atvika aðalmálsins og þess, að krafan sé gjaldfallin, en sættir ólíklegar, skaðabótakrafan sé há, og ekki hafi verið unnt að tryggja hana með öðru móti. Vísar stefnandi til 2. kafla laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi unnið hjá stefnda sem verktaki. Hafi stefndi bent honum á að taka tryggingu vegna starfsins, og hafi stefndi í framhaldi af því keypt sér tryggingu hjá Almennum tryggingum hf. Stefndi kveður vinnu stefnanda hafa verið mjög takmarkaða og eingöngu hafa falist í viðgerðum á steypuskemmdum. Stefndi hafi að sögn áður unnið slík verk hjá bróður sínum, sem sé starfandi múrari. Stefndi kveður stefnanda hafa, þegar slysið varð, unnið við verk, sem í engu hafi verið frábrugðið þeim verkum, sem hann hafði unnið fram að þeim tíma, og hafa unnið með loftdrifinn slípirokk af viðurkenndri tegund, með rofa til stillingar á hraða. Tæki þessarar tegundar séu ekki seld með öryggishlíf úr verslunum. Þá hafi stefnandi verið með öryggishlíf fyrir andliti, sem njóti viðurkenningar Öryggiseftirlitsins og keypt hafi verið í versluninni Dynjanda, sem sé sérverslun með öryggisbúnað, en hlífin hafi brotnað, er skífan, sem brotnaði, hafi skotist í hlífina og veitt stefnanda þá áverka, sem leiddu til örorku hans.

Varakröfu sína um verulega lækkun stefnukrafna styður stefndi þeim rökum, að ábyrgð stefnanda, sem unnið hafi verið sjálfstætt og ákveðið sjálfur, á hvern hátt að framkvæmdum var staðið, hafi verið mikil, og hafi honum borið að sýna árvekni og aðgæslu við verkframkvæmdina. Óljóst sé, hvers vegna slípiskífan brotnaði, en við rétta og eðlilega beitingu rokksins ætti það ekki að geta gerst. Telur stefndi eigin sök stefnanda sterklega koma til álita. Þá telur stefndi bótafjárhæð hljóta að sæta lækkun vegna skatthagráðis- og eingreiðslusjónarmiða, og vaxtakröfu stefnanda er og mótmælt.

Kröfuna um synjun á staðfestingu löghalds styður stefndi þeim rökum, að rök stefnanda fyrir þessari kostnaðarsömu fógetagerð réttlæti hana ekki. Stefndi hafi ekki haft uppi neina tilburði, sem geri stefnanda nauðsynlegt að tryggja kröfuna, sem sé umdeild, dómstóll eigi eftir að fjalla um hana, og stefndi hafi ekkert skorast undan aðild í því dómsmáli. Um málskostnaðarkröfu vegna löghaldsins vísar stefndi til 4. tl. 2. mgr. 177. gr. eml.

Álit dómsins. Bótaábyrgð.

Fallast ber á það með stefnanda, að vinnuréttarsamband aðila hafi verið samband vinnuveitanda og launþega, eins og aðilar hafa báðir lýst því. Í dómi sakadóms Kópavogs, upp kveðnum 30. maí 1990, segir í niðurstöðu, að rétt þyki að líta svo á, að ákærði, þ. e. stefndi í máli þessu, hafi réttarstöðu atvinnurekanda gagnvart Þráni, enda greiddi hann honum tímakaup, hafði með höndum verkstjórn og útvegaði honum verkfæri, svo sem tæki það, er Þráinn vann með, er hann varð fyrir slysinu. Með vísan

til þessa svo og til 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir fullsannað, að stefndi hafi verið vinnuveitandi stefnanda, er slysið varð.

Óupplýst er, hvers vegna skífan í slípirokknum brotnaði. Stefndi hefur haldið því fram, að skífur brotni ekki, nema þær rekist í eitthvað eða beiting sé röng, og telur stefnanda sjálfan hafa átt nokkra sök á slysinu. Stefndi hefur hins vegar skýrt svo frá, að skífur hafi oft brotnað, m. a. einu sinni í loftdrifna slípirokknum í frjálsum snúningi. Upplýst er, að stefndi var verkstjóri á vinnustað og gaf stefnanda fyrirmæli um vinnuna. Engir sjónarvottar voru að slysinu. Lýsti stefndi því fyrir dómi, hvernig hann beitti tækinu, þegar slysið varð, og er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að hann hafi unnið verkið rétt og eðlilega.

Starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins, Sigurður Þórarinsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að orsakir skífubrota væru ýmist gallar í skífunum eða að notaðar væru skífur, sem ekki þyldu snúningshraða tækisins, sem þær væru notaðar í. Rannsókn, sem kynni að hafa leitt í ljós orsakir þess, að skífan brotnaði, fór ekki fram, þar sem stefndi sinnti ekki lögboðinni tilkynningarskyldu sinni um slysið til Vinnueftirlits ríkisins og til lögreglu, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980, og hefur sjálfur viðurkennt að hafa losað skífuna af rokknum og hent henni eftir slysið. Með vísan til þessa svo og til dóms Hæstaréttar 1974,1095, þykir stefndi verða að bera hallann af skorti á upplýsingum um það, hvers vegna skífan brotnaði.

Slípirokkur sá, sem stefndi vann með, þegar slysið varð, var án öryggishlífar yfir skurðarskífu. Starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins hefur upplýst það hér í réttinum við skoðun á slípirokknum, að hann ætti að vera útbúinn með öryggishlíf. Er það og álit dómsins með vísan til 4. gr. reglna um öryggisbúnað véla og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af þýska iðnaðarstaðlinum DIN EN68, sem Vesturevrópska staðlasambandið (CEN) hefur samþykkt, en Ísland er aðili að því. Staðall þessi þykir hafa viðmiðunargildi, þar sem hann vísar til þess, hvað telst eðlilegur og góður frágangur slíkra tækja. Tækið hefur verið vanbúið að þessu leyti og hættulegt að nota það við verk það, sem stefndi vann að, þegar slysið varð. Er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að tæki þetta sé ekki ætlað til steypusögunar, heldur til slípunar eingöngu, eins og tækið beri með sér, og hafi að öllum líkindum verulega meiri snúningshraða en skurðarskífur eru venjulega gerðar fyrir. Öryggishlíf yfir skurðarskífu hefði að öllum líkindum komið í veg fyrir slysið, þótt skífan hafi brotnað. Plasthlíf fyrir andliti getur engan veginn komið í stað öryggishlífar yfir skurðarskífu, sem best sést á afleiðingum slyssins, enda er slíkri persónuhlíf ekki ætlað að veita vörn við skífubrotum. Stefndi, sem sá, hvernig tækið var útbúið, hefði með réttu átt að neita að nota það, þótt það varðaði hann brottrekstri úr vinnunni. Ekki er þó unnt að meta stefnanda það til sakar að hafa fylgt fyrirmælum vinnuveitandans og unnið með tækinu, þó að það væri sýnilega hættulegt, sökum ungs aldurs hans og reynsluleysis.

Í dómi sakadóms Kópavogs frá 30. maí 1990 segir, að telja verði orsök slyssins vera þá, að stefndi fól stefnanda að vinna með tilteknum slípirokk, sem var án öryggishlífar, og var stefndi m. a. fundinn sekur um brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dóminum segir einnig, að stefndi hafi sem atvinnurekandi borið ábyrgð á, að tækið, sem hann fól stefnanda að vinna með, væri útbúið þannig, að öryggi stefnanda væri tryggt, sbr. 13. gr. og 1. mgr. 46. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, og að gerð þess samrýmdist lögboðnum reglum, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987. Með vísan til þessa, sbr. 196. gr. laga nr. 85/1936, og þess, sem fram hefur komið í málinu, þykir fullsannað, að vöntun öryggishlífarinnar hafi verið orsök slyssins. Stefndi, sem var eigandi tækisins, atvinnurekandi og verkstjóri á vinnustað og átti að sjá til þess, að tækið væri svo útbúið, að ekki stafaði hættu af, sbr. 13. gr., 14. gr., 20. gr., 21. gr., 23. gr., 29. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 og 4. gr. reglna nr. 492/1987, ber ábyrgð á því, að öryggishlíf vantaði, og getur það ekki firrt hann þeirri ábyrgð, þótt tækið hafi verið vanbúið, er hann fékk það í hendur, en stefndi hefur ekki getað upplýst, hvar né hvenær hann eignaðist það.

Með vísan til framanritaðs, almennu skaðabótareglunnar, tilvitnaðra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna nr. 492/1987 og tilvitnaðs dóms Hæstaréttar þykir stefndi bera fulla skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyssins, sem varð 8. ágúst 1988 í Hjónagörðum við Suðurgötu í Reykjavík.

Bótafjárhæð.

Fjárhagslegt tjón stefnanda vegna örorku af völdum slyssins er samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 3.000.800,00 kr. að höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Reisir tryggingastærðfræðingurinn útreikning sinn á örorkumati Björns Önundarsonar læknis, sem metur örorku stefnanda svo, að hún sé 100% tímabundin í tvo mánuði, en 20% varanleg örorka.

Af hálfu stefnda var útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar fyrst mótmælt við munnlegan flutning málsins með því, að við útreikning tjóns af völdum varanlegrar örorku er miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna frá 26. aldursári, en stefnandi sé verkamaður. Upplýst er, að stefnandi var við nám í framhaldsskóla árið, sem hann varð fyrir slysinu. Ekki var af hálfu stefnda lagður fram nýr útreikningur á tjóni stefnanda né það gert líklegt, að stefnandi ætlaði sér að verða verkamaður áfram.

Mati Björns Önundarsonar á örorku stefnanda hefur ekki verið mótmælt og útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar á fjárhagstjóni hans ekki verið hnekkt. Verður hvort tveggja lagt hér til grundvallar.

Fjárhagstjón stefnanda er miðað við glataðar ævitekjur, en skaðabætur vegna varanlegrar örorku eru greiddar í einu lagi og án þess að greiða þurfi af þeim tekjuskatt, svo að telja verður, að stefnandi hafi af þessu hagræði, sem eðlilegt þykir, að komi til frádráttar bótafjárhæð. Er það í samræmi við það, sem tíðkast hefur í framkvæmd.

Jón Erlingur Þorláksson hefur reiknað út, hvert skatthagræði stefnandi hefði af greiðslu skaðabóta, og er það niðurstaða hans, að það sé 15,65% af höfuðstól. Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að miða beri við 38% skatthagræði, en ekki hafa verið lögð fram nein gögn, er hnekki útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, og verður niðurstaða hans lögð hér til grundvallar.

Stefnandi hefur þegar fengið greiddar bætur vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð 381.800,00 kr. og frá Almennum tryggingum vegna eigin tryggingar 460.000,00 kr., og hefur með móttöku þessara fjármuna takmarkað tjón sitt sem þessum fjárhæðum nemur, samtals 841.800,00 kr. að höfuðstólsverðmæti á slysdegi.

Höfuðstólsverðmæti fjárhagstjóns stefnanda af völdum varanlegrar örorku er samkvæmt útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar á slysdegi 2.923.200,00 kr. Þegar tekið hefur verið tillit til 15,65% skatthagræðis stefnanda, 457.481,00 kr., standa eftir 2.465.719,00 kr., og að frádregnum þeim 841.800,00 kr., sem stefnandi hefur þegar fengið greitt, nemur tjónið 1.623.919,00 krónum.

Hagræði stefnanda af eingreiðslu bóta vegna varanlegrar örorku þykir hæfilega metið 5% af höfuðstól þeirra, 81.196,00 kr., svo að eftir stendur, að fjárhagstjón stefnanda vegna varanlegrar örorku er á slysdegi að höfuðstólsverðmæti 1.542.723,00 kr.

Fjárhagstjón stefnanda af völdum tímabundinnar örorku í tvo mánuði er samkvæmt útreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar 77.600,00 kr. að höfuðstólsverðmæti á slysdegi. Heildarfjárhagstjón stefnanda vegna örorkunnar mun því nema 1.620.323,00 krónum að höfuðstólsverðmæti á slysdegi.

Stefnandi krefst miskabóta úr hendi stefnda vegna slyssins, að fjárhæð 800.000,00 krónur.

Í læknisvottorði Harðar Þorleifssonar, dagsettu 29. ágúst 1988, segir mikla ertingu vera í vinstra auga stefnanda. Í læknisvottorði, dagsettu 17. október 1988, segir, að augað sé þá enn töluvert rautt og

ertandi, en stefnandi gekk undir tvær skurðaðgerðir á auganu, 8. ágúst og 23. ágúst 1988. Stefnandi lýsti því 2. mars 1989 hjá lögreglu, að hann hefði haft miklar kvalir lengi eftir aðgerðirnar og kvað sig þá enn, tæpum sjö mánuðum eftir slysið, oft verkja í höfuðið.

Stefnandi kom fyrir dóm 18. júní sl., tæpum tveimur árum eftir að slysið varð. Er það álit dómsins, að blinda vinstra augans lýti ásjónu hins unga manns og hafi í för með sér röskun á stöðu hans og högum. Að atvikum og afleiðingum slyssins virtum og með hliðsjón af ungum aldri stefnanda þykir með vísan til 264. gr. almennra hegningarlaga mega taka kröfu hans um miskabætur til greina, og þykja þær hæfilega ákveðnar 400.000,00 kr.

Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér kostnað vegna útreiknings tjónsins, að fjárhæð 13.440,00 kr., og hefur lagt fram gögn til sönnunar kostnaðinum. Rétt þykir með vísan til 5. og 8. tl. 175. gr. laga nr. 85/1936, að farið verði með kostnað þennan sem annan málskostnað, og verður því ekki fjallað um þann kröfulið hér.

Vextir.

Stefnandi krefst þess, að krafa sín beri dráttarvexti frá slysdegi, 8. ágúst 1988, til greiðsludags. Af hálfu stefnda hefur kröfu þessari verið mótmælt, og telur stefndi, að miða beri upphafstíma dráttarvaxta við þann tíma, er mánuður var liðinn, frá því að stefndi var sannanlega krafinn um greiðslu. Eftir gögnum málsins var kröfubréf fyrst sent stefnda af hálfu stefnanda 25. september 1989. Rétt þykir því í samræmi við 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 að ákveða, að krafan beri dráttarvexti skv. 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga frá 25. október 1989 til greiðsludags. Í samræmi við 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, skal krafan frá og með 8. ágúst 1988 bera vexti, sem séu á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, til 25. október 1989, en frá þeim degi beri krafan dráttarvexti svo sem að framan greinir.

Löghald.

Stefnandi krefst þess, að staðfest verði löghald, sem gert var í fasteign stefnda að Kársnesbraut 82 í Kópavogi 14. desember 1989 til tryggingar kröfu sinni á hendur stefnda vegna slyssins. Stefndi krefst þess, að staðfestingar verði synjað, með því að stefndi hafi ekki haft uppi neina tilburði, sem gerðu stefnanda nauðsynlegt að tryggja kröfu sína, sem sé umdeild. Þegar löghaldið var gert, hafði stefndi þegar verið krafinn um greiðslu bóta með nokkurra vikna fyrirvara og mál þetta verið höfðað til heimtu þeirra. Krafan var því gjaldfallin, en ekki viðurkennd, og engin trygging hafi verið sett fyrir greiðslu hennar, og ekki var hægt á þeim tíma að tryggja hana með aðför. Skilyrðum 6. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann var því fullnægt, og því mátti gerðin fara fram, enda var af hálfu gerðarbeiðanda sett trygging sú, sem fógeti krafðist.

Með vísan til úrslita máls þessa að öðru leyti, en leitt hefur verið í ljós, að gerðarbeiðandi átti lögvarða skaðabótakröfu á hendur gerðarpola vegna slyss þessa, sem hann varð fyrir 8. ágúst 1988, ber að staðfesta löghald það, sem gert var í Kársnesbraut 82 í Kópavogi í fógetarétti Kópavogs 14. desember 1989 til tryggingar þeirri fjárhæð, sem stefndi verður í þessu máli dæmdur til að greiða stefnanda vegna slyssins, enda var gerðinni réttilega haldið til laga með útgáfu réttarstefnu 14. desember 1989.

Málskostnaður.

Stefndi hefur krafist þess, að stefnandi beri kostnað af löghaldsaðgerðinni, með vísan til 4. tl. 177. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að gerðin hafi verið þarflaus eða þýðingarlaus, og með hliðsjón af því, að rétt þykir að staðfesta hana, er ekki unnt að fallast á þessa kröfu stefnda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, og þykir hæfileg máflutningsþóknun með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ vera 385.825,00 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, 94.527,00 kr., auk útlagðs kostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi og kostnaðar, sem í aðalkröfu getur og er studdur fullnægjandi gögnum, samtals 107.425,00 kr., alls 587.777,00 kr.

Málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Dóm þennan kváðu upp Krístrún Kristinsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, og meðdómsmennirnir Páll Valdimarsson vélaverkfræðingur og Vignir Benediktsson múrarameistari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Valgarður Guðni Ólafsson, kennitala Kársnesbraut 82, Kópavogi, greiði stefnanda, Þrání Friðrikssyni, kennitala Vogatungu 8, Kópavogi, 2.020.323,00 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 8. ágúst 1988 til 25. október 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 587.777,00 krónur í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, 94.527,00 krónur, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1989 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.